

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LI. árgangur

1970

Miðvikudaginn 7. janúar 1970.

Nr. 136/1969. Hörður Guðjónsson

gegn

Hafliða Sveinssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hörður Guðjónsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 9. janúar 1970.

Nr. 2/1970. Valdstjórnin

gegn

Tryggva Rúnari Leifssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 3. janúar 1970, sem barst Hæstarétti 5. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafizt þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur.

Með skirskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 2. janúar 1970.

Ár 1970, föstudaginn 2. janúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7 af Þóri Oddssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málsatvik eru þau, að í morgun um kl. 0636 var lögreglunni tilkynnt um innbrot í fyrirtæki Friðriks A. Jónssonar að Bræðraborgarstíg 1 hér í borg.

Er lögreglan kom á staðinn, varð hún vör við tvo menn, er voru á bak við hús nr. 1 við Bræðraborgarstíg.

Er áðurnefndir menn urðu lögreglunnar varir, tóku þeir til fótanna, og tókst öðrum þeirra að komast undan.

Maður sá, er náðist, reyndist vera Þorleifur Kristinn Valdimarsson, fæddur 17. marz 1940.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni viðurkenndi Þorleifur að hafa ætlað að brjótast inn í nefnt fyrirtæki ásamt Tryggva Rúnari Leifssyni, er hann kvað hafa verið með sér.

Enn fremur sagði hann, að Tryggvi Rúnar Leifsson hefði farið inn í 3—4 bifreiðar í nágrenninu, en ekkert fémaett fundið í þeim.

Tryggvi Rúnar hefur eindregið neitað að vera viðriðinn innbrot þetta, en kveðst hafa verið sofandi heima hjá Þorleifi Kristni frá því um kl. 0400 og þangað til eitthvað fram yfir hádegi í dag.

Kærði er grunaður um háttsemi, sem getur varðað hann fangelsisrefsingu eftir XXVI. kafla, sbr. 20. gr. hegningarlaga.

Skilyrði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 eru því fyrir hendi til beitingar gæzluvarðhaldi.

Rannsókn máls þessa er ekki lokið, og telur dómariinn því rétt með hliðsjón af framansögðu og tilvísun til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 82/1961 að úrskurða kærða, Tryggva Rúnar Leifsson, í gæzluvarðhald, svo að hann spilli eigi sakargögnum með óskertu frelsi.

Ákveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 7 dögum.

Ályktarorð:

Kærði, Tryggvi Rúnar Leifsson, skal sæta gæzluvarðhaldi í allt að 7 dögum.